

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Lambalækur, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. nóvember 2020 tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Lambalæk. Tillagan gerir ráð fyrir því að núverandi frístundabyggð verði breytt í íbúðarbyggð með allt að 6 íbúðalóðum. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjulækjarkot, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 14. janúar 2021 tillögu að deiliskipulagi í Kirkjulækjarkoti. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir tveimur íbúðalóðum. Á hvorri lóð er gert ráð fyrir íbúðarhúsi og bílskúr, allt að 250 m² að stærð. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 30. mars 2021.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2021